



Útbreðslusvæði skógarfurunnar.

Af Wikipedia. GFDL, CC-BY 2.5.

# Tré ársins 2024

Tré ársins er skógarfura (*Pinus sylvestris*) af þallarætt en sú trjátegund hefur ekki öðlast þá upphefð áður. Sunnudaginn 8. september komu saman rúmlega fimmtíu manns við útnefningu á Tré ársins 2024 sem Skógræktarfélag Íslands velur ár hvert. Fyrir valinu þetta árið var skógarfura, sem er sunnarlega í skóginum í Varmahlíð, milli Mánaþúfu og leikskólans, en skógur þessi er í eigu Skógræktarfélags Skagfirðinga. Það er gaman að segja frá því að börnin í leikskólanum eru tíðir gestir í skóginum og komið hefur verið fyrir góðum leiktækjum og afdrepi sem mikið er notað. Skógurinn er því þessum börnum nálægur og Tré ársins undir þeirra verndarvæng.

Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, stýrði dagskránni og fór yfir sögu skógræktar í Varmahlíð og

sögu þessarar árlegu útnefningar, sem var að þessu sinni í fyrsta skipti í Skagafirði. Sönghópurinn Vorvindar glaðir söng nokkur lög og eftir nokkur ræðuhöld og löggilda mælingu trésins var boðið í kaffi og kökur á Hótel Varmahlíð þar sem Vorvindarnir sungu fleiri lög. Við athöfnina flutti Ragnheiður Guðmundsdóttir, formaður Skógræktarfélags Skagfirðinga, stutt ávarp ásamt Hafbergi Þórisssyni, sérlegum styrktaraðila verkefnisins. Heimamaðurinn og skógræðingurinn Johan Holst mætti til leiks með mælitæki og reyndist Tré ársins vera 13,9 m á hæð með þvermál 30,5 cm í brjósthæð.

## Skógarlundur í Varmahlíð

Rétt er að taka fram að í nágrenni Tré ársins er að finna fleiri fallegar



Tré ársins 2024. Í næsta nágrenni má sjá leikskólann.

Mynd: BJ

skógarfurur. Þegar rýnt er í gögn „Járnsíðu“ - gagnagrunn gróðursetninga skógræktarfélaganna á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands, kemur margt merkilegt í ljós. Þar er m.a. að finna upplýsingar um gróðursetningar í Skagafirði. Í Varmahlíð er til að mynda sáð frári af skógarfuru árið 1937, væntanlega í vermireit. Á þeim tíma voru eingöngu ræktaðar berrótarplöntur og ekki óalgengt að plöntur væru orðnar 3-5 ára þegar þær voru taldar hæfar til gróðursetningar. Það má því draga þá ályktun að það sem

eftir stendur af skógarfuru í Varmahlíð eigi upptök sín á árunum 1940 til 1943. Samkvæmt þessum upplýsingum má gera því skóna að Tré ársins sé um 80 ára eða gott betur.

Til skógarlundarins í Varmahlíð var stofnað árið 1935 og var það að frumkvæði Ingibjargar Jóhannsdóttur frá Löngumýri en hún var einnig fyrsti formaður félagsins sem stofnað var árið 1935 og er því eitt af elstu skógræktarfélagum landsins. Guðrúnu Sveinsdóttur, kennara og varaformanni félagsins, var fljótlega falin umsjón með



Skógarbotn Varmahlíðarskógarins er bjartur og hlýlegur. Fullur af elftingu og sjálfsánum nýgræðingi, runnum og trjám.

Mynd: BJ

skógarreitnum í Varmahlíð. Guðrún tók við formennsku í félaginu haustið 1940 þegar Ingibjörg hætti. Á sama tíma gaf Ingibjörg 100 krónur til að útbúa samkomustað í efra stykkinu í Varmahlíð. Hún tilgreindi að það ætti að útbúa átta upphækkaðar hringbekkja raðir, sem Sigurður á Kárastöðum sá um að útbúa. Þetta svæði hefur haldið sér ágætlega í gegnum tíðina.

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu stofnaði skógræktarsjóð sýslunnar og samdi við

skólanefnd héraðsskólans í Varmahlíð í júlí 1943 um spildu úr landi Reykjarhóls í Seyluhreppi sem Sýslunefndin fékk til ævarandi leigulausra afnota og umráða. Þetta var spilda fyrir væntanlega skógræktarstöð Skagafjarðarsýslu og með í samningum var umtalsvert land til skógræktar. Jafnframt var samið um að Héraðsskólinn legði til lóð handa væntanlegum skógarverði, sem næst skógræktarstöðinni. Með í þeim



Nálar furunnar, sem er með tvær nálar að jafnaði í knippi, líta vel út. Í nágrenni við Tré ársins eru all margar skógarfurur greinilega frá sama tíma og vert að gefa þessum trjám gaum í framtíðinni. Mynd: BJ

samningum var tveggja hektara ræktanlegt land fyrir skógarvörðinn og beitarafnot fyrir 2 kýr og 1 hest.

Sýslunefndin bauð síðan Skógrækt ríkisins að byggja hús fyrir skógarvörðinn og var Sigurður Jónasson skipaður eftirlitsmaður sýsluskóga í Skagafirði og Húnavatnssýslum í framhaldinu. Á þessum tíma var Norðurland vestra talið vera skóglausasti hluti landsins.

### Almennt um skógarfuru

Skógarfuran er ein helsta furutegund í Evrópu og er útbreidd um alla Norður-Evrópu og austur um Síberíu, allt til Mongólíu eins og sjá má á korti. Í suðri er hana að finna í Pýrenea-fjöllum og í fræðsluferð Skógræktarfélag Íslands til Spánar árið 2019 sáu við víðfeðm svæði af skógarfuru. Í rauninni er hún aðalnytjategundin í Pýrenea-fjöllum og mjög eftirsóknarverð á syðstu



Skilti með grunnupplýsingum um Tré ársins 2024.

Mynd: BJ



Johan Holst við mælingar á Tré ársins.

Mynd: BJ

útbreiðslumörkum sínum. Í norðri er hana að finna í Porsangerfirði í Noregi nálægt 70° breiddargráðu. Í vestri var skógarfuran

útbreidd í Skotlandi á öldum áður og talin hafa borist þangað fyrir átta þúsund árum en var ótæpilega höggvin á miðöldum og



Við afhendingu á viðurkenningarskjali Tré ársins 2024. Frá vinstri: Hafberg Þórisson, styrktaraðili Trés ársins, Ragnheiður Guðmundsdóttir, formaður Skógræktarfélag Skagfirðinga og Jónatan Gardarsson, formaður Skógræktarfélag Íslands.

Mynd: BJ

nýtt til skipasmíða og kolagerðar. Talið er að nú þeki skógarfuran aðeins um 18 þúsund ha í Skotlandi. Þá má geta þess að skógarfuran var burðarvirki í flestum timburbyggingum sem við þekkjum hér á landi frá alda öðli. Hinar svokölluðu stafkirkjur í Noregi eru meira en þúsund ára gamlar og segja sína sögu um endingu og gæði timbursins.

Baldur Þorsteinsson telur óyggjandi að fyrstu skógarfururnar sem hér voru gróðursettar hafi verið á Hallormsstað árið 1907. Enn fremur kemur glögg fram í fræskrá hans að innflutningur á fræi vex hröðum skrefum um og fyrir 1950 en endar svo alfarið um 1970. Mikið af fræi kemur frá Noregi en einnig voru sendar lifandi berrótarplöntur. Fræ kom aðallega frá



Gamlar skógarfurur verða gjarnan gulbleikar á litinn.

Mynd: BJ



Milli 50-60 manns mætti á viðburðinn í þökkalegu veðri og þáðu í lokin veitingar í Hótel Varmahlíð.

Mynd: BJ

Norður-Noregi en einnig var leitað fanga í Sovétríkjunum. Skógarfuran sem aðallega var gróðursett í töluverðu magni á árunum 1950 til 1970 átti ekki bjarta framtíð en óværa fór að gera vart við sig upp úr 1960. Lítil lús sem vart er sýnileg (*Pinus pini*) og nærast á nálum skógarfurnnar eirði nánast engu þegar furan óx úr grasi. Í sínum náttúrulegu heimkynnum er þessi sama óværa sjaldan til ama. Af þeirri ástæðu var ræktun skógarfurnnar hætt um 1970 og

hófst þá ræktun stafafurnnar sem einnig er tveggja nála fura en er ekki viðkvæm fyrir sömu óværu.

En eins og dæmin sanna er mikil seigla í erfðafni skógarfurnnar. Furan drapst ekki 100% heldur finnast tré og litlir lundir víða um land sem hafa lifað af og virðast braggast ágætlega. Ýmislegt bendir til þess að á því erfðafni mætti hugsanlega byggja til framtíðar. Má segja að hér hafi orðið til erfðafræðilegt úrval sem þolir ágang

furulúsarinnar. Í nokkrum samanburðar rannsóknum hefur verið staðfest að fræ af þessum efniviði sem hér lifði af er margfalt hæfara til að lifa af ágang lúsarinnar heldur en innflutt fræ sem ekki hefur gengið í gegnum sömu þrengingar.

Hvort að skógarfuran verður ræktuð í framtíðinni að einhverju marki á tíminn eftir að skera úr um. Það er hins vegar fyrir margra hluta sakir mikilvægt að eiga fleiri en eina furutegund í vopnabúrinu ef svo mætti orða hlutina. Skógarfuran gefur af sér mjög verðmætt timbur sem er mun endingarbetra og sterkara en timbur stafafurunnar. Frá fagurfræðilegu sjónarmiði er að mínum dómi skógarfuran fallegra tré með einstaklega fallegum litar tilbrigðum í stofni. Stafafuran hefur hins vegar vinningin hvað varðar vöxt og viðgang og virðist henta vel örsnauðum íslenskum jarðvegi þar sem hún vex

afburða vel og hefur sýnt sig að vera gríðarlega góð landgræðslutegund og vinsælasta íslenska jólatréð.

#### Heimildir

- Baldur Þorsteinsson. 2000. Fræskrá 1933-1992. Skógræktarritið 2000. Bls. 67-77.
- Dalen, Lars Sandved. 2013. Verdens nordligste skog. Norsk institutt for skog og landskap. Af vefsíðu: <https://www.forskning.no/norsk-institutt-for-skog-og-landskap-skog-partner/verdens-nordligste-skog/657329>.
- Fundargerðarbækur Skógræktarfélags Skagfirðinga.
- Salmela, Matti J.; Cavers, Stephen; Wachowiak, Witold; Cottrell, Joan E.; Iason, Glenn R.; Ennos, Richard A. 2010. Understanding the evolution of native pinewoods in Scotland will benefit their future management and conservation. *Forestry: An International Journal of Forest Research* 83 (5): 535-545. Af vefsíðu: <https://doi.org/10.1093/forestry/cpq036>.
- Skógræktarfélag Íslands. á.á. Járnsíða – Eldri gróðursetningar á vegum skógræktarféлага. Skógræktarfélag Skagfirðinga. Af vefsíðu: <https://www.skog.is/wp-content/uploads/2019/02/skagfirðinga.pdf>.
- Øvrum, Audun & Flæte, Per Otto. 2008. Fokus på tre. Kjerneved av furu. Treteknisk og TreFokus AS. Af vefsíðu: <http://www.trefokus.no/resources/filer/fokus-pa-tre/25-Kjerneved-av-furu.pdf>.
- María Vest. 2018. Áhrif furulúsar (Pineus pini) á skógarfurukvæmi á Fljótsdalshéraði. B.S. ritgerð. Háskóli Íslands. Af vefsíðu: <https://skemman.is/bitstream/1946/30701/1/%C3%81hrif%20furul%C3%BAsar%20%28pineus%20pini%29%20%C3%A1%20sk%C3%B3garfurukv%C3%A6mi%20%C3%A1%20Flj%C3%B3tsdalsh%C3%A9ra%C3%B0i.pdf>.



Lífraent  
hreinisvirki!

#### NÚTÍMA ROTÞRÓ

Fyrir sumarhús, heilsárshús, hótél o.fl.

Yfir 90% hreinsun - hreinsigeta PIA vottuð

3ja þrepa hreinsun - ekkert rafmagn

Engar siturlagnir - fyrirferðarlítill

Tankar eru framleiddir úr endurunnu plasti

Þýsk gæði - CE merkt

Stærðir 2-600 persónueiningar



HVAMMSHÓLAR

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI



+354 660 4085



SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS